

Reykjavík, 17. október, 2024

Efni: Umsögn Samtaka þörungafélaga um tillögu til þingsályktunar um aukna verðmætasköpun við nýtingu þörungum. *Skv. Þingskjali 237 – 236. mál.*

Samtök þörungafélaga (www.algaeiceland.is) stuðla að þekkingarmiðlun um þörungum og sjálfbæra nýtingu þeirra og gæta hagsmuna aðila félagsins. Aðilar félagsins eru fyrirtæki og stofnanir sem stunda ræktun, sjálfbæra öflun, rannsóknir, vinnslu, vöruþróun, fræðslu, nýsköpun og/eða sölu afurða tengda þörungum á Íslandi. Samtökin voru stofnuð með tuttugu aðila haustið 2022 og telja félagar nú á fjórða tug tengdir smá- og stórþörungum, þvert á ræktunaraðferðir og nýtingu. Samtök þörungafélaga eru aðilar að Evrópusamtökum þörungafélaga (EABA).

Samtökin fagna aðgerðum til þess að stuðla á aukna verðmætasköpun við nýtingu þörungum og vonum að tillagan nái fram að ganga á Alþingi í vetur enda um mikið hagsmunamál að ræða.

Mikil vöxtur á heimsvísu er í nýtingu bæði smá og stórþörungum þar sem í raun hefur mesta aukning í próteínframleiðslu síðustu áratugi úr hafinu hafa komið úr stórþörungumframleiðslu. Vegna einstakra náttúruauðlinda með aðgangi grænni raforku hefur Ísland þegar náð sérstöðu á heimsmarkaði í smáþörungavinnslu.

Líkt og bent er á í þingsályktuninni miklir möguleikar hér á landi í frekari verðmætasköpun við nýtingu bæði smá- og stórþörungum. Samtök þörungafélaga lýsa yfir vilja sínum að koma að stuðningi og tengingu við atvinnugreinina við þá skýrslu sem vinna í tengslum við þingsályktunina.

Virðingarfyllt,



Sigurður Pétursson

Formaður stjórnar Samtaka þörungafélaga

siggi@raekt.is GSM 7773123